

**Mál nr. 27/2008**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Sæbraut í Reykjavík austan við bensínstöð OLÍS þann 15.1.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 12.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.2.2008.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A) og B var ekið eftir Sæbraut og var A ekið á vinstri akrein og B á hægri akrein. Vegna kyrrstæðrar lögreglubifreiðar á hægri akrein sveigði ökumaður B yfir á vinstri akrein. Rákust þá saman framanverð hægri hlið A og aftanverð vinstri hlið B. Myrkur var og snjócoma þegar áreksturinn varð og ísing og mikil hálka mun hafa verið á akbrautinni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. B hafi verið beygt til vinstri vegna lögreglubifreiðarinnar í veg fyrir A. Hann hafi hemlað strax en vegna mikilla hálku hafi bifreiðin hemlað lítið.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. Vegna lögreglubifreiðarinnar, sem kyrrstæð var framundan á hægri akrein, hafi hann beygt til vinstri. Hafi hann gefið stefnumerki og elt bifreið sem ekið var undan honum. Hann hafi ekki tekið eftir A fyrir en hún lenti á B.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að ökumaður B beygði af hægri akrein yfir á þá vinstri í veg fyrir A. Hann vissi ekki af ferðum B fyrir en árekstur varð. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Hann ber því sök á árekstrinum. Ósannað er að ökumaður A hafi ekið hraðar en heimilt var og aðstæður leyfðu eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.